

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Sámsstaðir, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 10. nóvember 2016 breytingu á deiliskipulagi Sámsstaða. Deiliskipulagsbreytingin tekur til breyttar landnotkunar á núverandi frístundalóð, sem breytt verður í landbúnaðarland vegna stofnunar lögbýlis. Gerðar eru breytingar á gildandi skilmálum er varða nýtingarhlutfall, fjölda og gerð bygginga á lóð, byggingarreiti og fyrirkomulagi fráveitu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Réttarfit, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 10. nóvember 2016 breytingu á deiliskipulagi fyrir Réttarfit. Deiliskipulagsbreytingin tekur til fjölgunar á frístundalóðum, bætt er við lóðum 13 og 15 á kostnað útivistarsvæðis. Einnig tekur tillagan til breytinga á byggingarskilmálum á þeim lóðum að viðbættri lóð nr. 7.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga og öðlast þegar gildi.

Forsæti/Fljótsbakki, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 8. september 2016 breytingu á deiliskipulagi Fljótsbakka/Forsætis. Deiliskipulagsbreytingin tekur til lóðanna Fljótsbakka A og B sem verða sameinaðar í eina, undir heitinu Fljótsbakki og stærð lands er 4,2 ha. Settur er inn nýr byggingarreitur, B2 þar sem fyrir er frístundahús. Á byggingarreit B1 verður heimilt að byggja íbúðarhús og bílskúr. Innan byggingarreits B2 verður heimilt að byggja frístundahús/gestahús auk þess sem heimilt er að byggja skemmu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Tjaldhólar, deiliskipulagstillaga.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 8. september 2016 deiliskipulagstillögu fyrir Tjaldhóla. Tillagan tekur til tveggja byggingarreita, annars vegar fyrir stækkun útihúsa og hins vegar fyrir byggingu fjögurra gestahúsa.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Káragerði, deiliskipulagstillaga.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 8. september 2016 deiliskipulagstillögu fyrir Káragerði. Tillagan tekur til tveggja byggingarreita fyrir íbúðarhús, bílskúr og útihús. Einnig gerir tillagan ráð fyrir nýrrri aðkomu frá Landeyjavegi nr. 252.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 13. mars 2017.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.